

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1975

---

12. mars 1975.

33

Nr. 8.

## L Ö G

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útvarpsráð skal kjörið þegar er lög þessi hafa tekið gildi og fellur samtímis niður umboð núverandi útvarpsráðs.

*Gjört í Reykjavík, 12. mars 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

13. mars 1975.

Nr. 9.

## L Ö G

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í Danmörku að upphæð allt að 25.5 millj. danskar krónur, vegna smíða á varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 13. mars 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*